

Með lögum nr. 36 árið 2001 var Seðlabanki Íslands gerður að sjálfstæðri stofnun með það meginmarkmið að stuðla að stöðugu verðlagi. Einnig var honum heimilt með samþykki forsætisráðherra að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Þessi umgjörð peningamála sem felst í sjálfstæðum seðlabanka, fljótandi gengi og verðbólgu markmiði hefur ýmsa kosti. Seðlabanki getur breytt vöxtum til þess að draga úr sveiflum efnahagslífsins og gengisbreytingar hjálpa hagkerfinu að ná jafnvægi í kjölfar hnykkja á eftirspurnar- og framboðshlið. Þannig er umgjörð peningamála hér á landi undanfarin ár ætlað að skapa sveigjanleika þannig að hagkerfið gæti brugðist við breytingum á framboði – fiskafla, viðskiptakjörum, svo dæmi séu tekin – og heildareftirspurn.

Þessi sveigjanleiki hefur hins vegar verið aukið á óstöðugleika á undanförunum árum. Þetta tímabil hefur einkennst af sveiflum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem hafa drifið hagsveifluna hér á landi. Miklar gengissveiflur hafa gert rekstur fyrirtækja vandkvæðum bundinn; háir vextir hafa einnig skert rekstrarumhverfi þeirra; og mikið innflæði erlends fjármagns, sem er sumpart afleiðing innlendrar peningamálastjórnar, hefur aukið á eignaverðbólur og viðskiptahalla og læst peningamálastjórnina inni í vítahring hárra vaxta, hás gengis og vaxtamunarviðskipta. Vaxtahækkunarir hafa ekki dugað til þess að slá umtalsvert á innlenda eftirspurn þótt þær hafi haft mikil áhrif á gengi krónunnar. peningamálastjórnar við skilyrði frjáls flæðis fjármagns og einkarekinna banka .

Hin fljótandi krónan hefur þannig skapað vandamál sem hafa skert hag fyrirtækja og heimila. Sá sveigjanleiki sem felst í gengisfalli krónu í kreppu og gengisstyrkingu í uppsveiflu er of dýru verði keyptur.

Unnt er að koma á fastgengiskerfi eftir inngöngu í Evrópusambandið. Um þetta fjallar greinargerð Gylfa Zoega "Kostir ESB aðildar" sem unnt er að finna meðal "skjala" hér á heimasíðunni. Hann fjallar einnig sérstaklega um erfiðleika peningamálastjórnunar við kerfi sjálfstæðs gjaldmiðils og fljótandi gengis. Utan ESP væri í framtíðinni unnt að koma upp svokölluðu myntráði eða þá taka upp annan gjaldmiðil einhliða sem gæti gerst mjög fljótlega. Um þetta fjallar greinargerð Ársæls Valfells "Myntráð og einhliða upptaka evru" sem einnig má finna meðal "skjala".